

Skólanámskrá
Skólaárið 2024-2025

Námsgrein: Íslenska (sambáttað við samfélagsfræði og náttúrufræði)

Bekkur: 4. bekkur

Kennarar: Brynja Ómarsdóttir og Þyri Kristínardóttir

Tíma fjöldi: 6-8 tímar á viku

Markmið

Talað mál, hlustun og áhorf

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- sagt frá eftir nýlegum atburðum og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið
- hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva
- nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi

Lestur og bókmenntir

- lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum
- beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap
- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess
- beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði s.s. rími, kvæði, vísu og ljóðlínu
- aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnagrunnum s.s. bókum og á rafrænu formi
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, s.s. einföldum skýringarmyndum og kortum og myndritum

Málfræði

- beitt beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og lesskilningi sem hæfir þroska
- þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag
- gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu
- búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta
- greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta
- leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki

Ritun

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega
- nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi
- samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð
- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi

- nýtt sér fyrirmyndir í ritun, s.s. af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu

Námsþættir

- Málfræði
- Hlustun
- Lestur og bókmenntir
- Ritun

Kennsluaðferðir/vinnulag

- Bein kennsla
- Sýnikennsla
- Einstaklingsvinna
- Paravinna
- Hópvinna
- Skapandi vinnubrögð

Námsgögn

- Skrift 4
- Lesrún 2
- Skrift 4
- Ritrún 3
- Verkefnahefti/verkefnablöð
- Gagnvirkt námsefni í tölvu

Námsmat

- Lesfimiþróf í september, janúar og maí
- Lesskilningskannanir - Orðarún í október og maí
- Símat
- Leiðsagnarmat
- Verkefnavinna

Skólanámskrá
Skólaárið 2024-2025

Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur: 4. bekkur

Kennarar: Þyri Kristínardóttir og Brynja Ómarsdóttir

Tímafjöldi: 6-8 tímar á viku

Markmið

- Að nemendur auki skilning sinn, kunnáttu og færni í stærðfræði og hún nýtist þeim í daglegu lífi.
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni
- Að nemendur þjálfist í flóknaði aðgerðum í samlagningu, frádrætti, margföldun, deilingu og öðrum þáttum stærðfræðinnar.
- Að nemendur vinni með heilar tölur, námundun, hnitakerfi, tölur stærri en 1000 og minni en 0, samlagningu og frádrátt, tíma og klukku, margföldun og deilingu, samhverfu og mynstur, ummál og flatarmál, mælingar og tugabrot, almenn brot og tölfræði.
- Unnið í rúðuneti og hnitakerfi
- Notað tugakerfisrithátt. Þróað skilning sinn á tölum og sætiskerfinu, þ.e. einingum, tugum, hundruðum og þúsundum
- Aukið enn frekar talnaskilning sinn og leyst dæmi í samlagningu og frádrætti með þriggja og fjögurra stafa tölum.
- Unnið með tíma og klukku.
- Tilgreint tímasetningar bæði á stafrænu formi og á hefðbundinn hátt.
- Beitt margföldun og deilingu.
- Kunni margföldunartöflurnar
- Unnið með flutning í hnitakerfi þ.e.a.s. um spegilsamhverfu, snúningssamhverfu og hliðrun, auð þess sem unnið er með rúmfræðileg mynstur.

Námsþættir

- Hnitakerfið
- Tölur stærri en 1000 og minni en 0
- Samlagning og frádrátt
- Tími, klukka
- Margföldun og deiling
- Samhverfa og mynstur
- Ummál og flatarmál
- Mælingar og tugabrot
- Almenn brot
- Tölfræði

Kennsluaðferðir/vinnulag

Fjölbreyttar kennsluaðferðir:

- Bein kennsla
- Sýnikennsla

- Einstaklingsvinna
- Paravinna
- Stöðvavinna
- Samvinnunám
- Verklegr kennsla og þjálfun

Námsgögn

- Sproti 4a nemendabók og æfingahefti - Haust
- Sproti 4b nemendabók og æfingahefti - Vor
- Verkefnablöð
- Snjallkennsla

Námsmat

- Ástundun og vinnusemi
- Leiðsagnarmat
- Kaflapróf
- Símat

Skólanámskrá
Skólaárið 2024-2025

Námsgrein: Enska

Bekkur: 4. bekkur

Kennarar: Brynja Ómarsdóttir og Þyri Kristínardóttir

Tímafjöldi: 1-2 tímar á viku

Markmið

- skilur einfalda málfræði
- tekur þátt í samskipta leikjum og unnið samtalsæfingar
- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs líf um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamál
- skrifað stutta einfalda texta sem tengist námsefninu
- getur tekið þátt í hópavinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa segja

Námsþættir, farið í grunnorðaforða

- getur kynnt sig til bekkjafélagana sína
- þekkir tölur og liti
- þekkir fataheiti
- þekkir vikudaga, mánuði og árstíðaheiti

Kennsluaðferðir/vinnulag

- áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð
- einstaklings- para- og hópavinna
- hlustunarefni og skriflegar æfingar
- munnleg tjáning

Námsgögn

- Vinnubókin Yes we can
- Hljóðbækur tengdar lestrar- og vinnubókum
- Ýmis ljósrituð verkefni
- Einstaklings- og hópavinna
- skriflegar æfingar í vinnubækur í tölvu
- hlustun

Námsmat

- Ástund og vinnusemi
- könnun
- leiðsagnarmat
- símat
- mat á vinnubók og verkefnum, uppsetningu og frágang
- mat á framsögn á ensku

Skólanámskrá
Skólaárið 2024-25

Námsgrein: Náttúru- og samfélagsfræði (samþættað við íslensku)

Bekkur: 4. bekkur

Kennarar: Brynja Ómarsdóttir og Þyri Kristínardóttir

Tíma fjöldi: 4 tímar á viku

Markmið

Náttúrufærði:

- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks,
- Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum
- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni (fylgst með tunglinu í einn mánuð)

Samfélagsfræði:

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,
- nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar,
- gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa, sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir,
- bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi,
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra,
- sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu,
- sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú,
- sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu,
- áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa,
- áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna,
- áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi,
- bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig,
- gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur,
- áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði,
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti,
- gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans,
- sett sig í spor annarra jafnaldra,
- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum,
- hlustað á og greint að ólíkar skoðanir,
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna,
- sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur,
- sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi

Námsþættir

- Skólinn (hlutverk)
- Himingeimurinn
- Landnámið
- Mannkynssagan
- Trúarbrögð

Kennsluaðferðir/vinnulag

- Bein kennsla
- Umræður
- Einstaklings-, para- og hópvinna

Námsgögn

- Komdu og skoðaðu mannkynsöguna
- Komdu og skoðaðu Himingeiminn
- Komdu og skoðaðu Landnámið
- Trúarbrögðin okkar
- Halló heimur 2
- Könnun kortin

Námsmat

- Ástundun og vinnusemi
- Leiðsagnarmat
- Símat